



## Fræðslunefnd FUNDUR – 20. maí 2008

Fundur haldinn í fræðslunefnd Blönduósbæjar þriðjudaginn 20. maí 2008 kl. 17:15 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Mæting samkvæmt undirskriftum. Sunna Gestsdóttir, formaður nefndarinnar setti fund og stjórnaði honum.

### Dagskrá:

1. Sundlaug – Farið yfir stöðu mála
2. Skóladagatal 2008-2009
3. Starfsmannamál
4. Skólamálastefna Samtaka íslenskra sveitarfélaga
5. Skólamáltíðir
6. Önnur mál

### Afgreiðslur:

1. Formaður setti fundinn. Gestur fundarins var Ágúst Þór Bragason frá framkvæmdarhóp um byggingu sundlaugar og fór hann yfir undirbúningsvinnu og kynnti fyrir fundinum.
2. Þórhalla skólastjóri lagði fram skóladagatal 2008-2009 og var það samþykkt.
3. Þórhalla skólastjóri kynnti að 3 umsóknir bárust í stöðu starfsmanns í íþróttahús og sundlaug. Mælir Þórhalla með Lúðvík Þór Blöndal og nefndin samþykkir það.
4. Skólamálastefna Samtaka íslenskra sveitarfélaga lögð fram til kynningar.
5. Skólamáltíðir samningur um skólamáltíðir rennur út í vor, skoða þarf möguleika í þeim efnum og var Þórhöllu skólastjóra varaformanni fræðslunefndar, Zophaníasi Ara og bæjarstjóra Arnari Þór falið að vinna þetta mál.
6. Önnur mál
  - Nokkrar umræður voru um framtíðarsýn skólans í húsnæðismálum.
  - Þórhalla kynnti að kvenfélagið Vaka gaf skóladagheimilinu sjónvarp og sambyggt vhs- og dvd tæki. Og færum við þeim bestu þakkir fyrir það.
  - Forvarnarverkefnið hugsað um barn er að fara í gang í þessari viku fyrir nemendur í 8-10 bekk.
  - Formaður minnti fundarmenn á að dagur barnsins er 25. maí n.k

Fundargerð upplesinn og samþykkt.

*Fundi slitið kl.20:05.*



*Sunna Gestsdóttir*  
*Zophonias Ari Lárusson*  
*Pórhalla Guðbjartsdóttir*  
*Árný Þóra Árnadóttir*  
*Auðunn S. Sigurðsson*  
*M. Berglind Björnsdóttir, fulltrúi kennara*  
*Hanna Jørgensen, fulltrúi foreldra*

*Jakobína Halldórsdóttir*